# <u>Vorþing Kvennalistans í Valsskála 28.-29. júní 1986</u>

<u>Fundarstjóri</u> : Kristín Blöndal
Fundarritari : Guðrún Agnarsdóttir

Fundurinn hófst m.þ.a. konur kynntu sig og voru mættar:

| | |
|---|---|
| Elsa Guðmundsdóttir Rolle | Sigríður Jónsdóttir Selfoss |
| Helga Jóhannsdóttir R | Ólafía Sigurðardóttir S |
| Kristín Blöndal R | Svanheiður Ingimundard. S |
| Kicki Borhammar R | Ólína Steingrímsdóttir S |
| Guðrún Agnarsdóttir R | Ingibjörg Daníelsdóttir Vesturland |
| Sigríður Dúna Kristmundsdóttir R | Kristín Halldórsdóttir Reykjanes |
| Borghildur Maack R | Kristín Ástgeirsdóttir Reykjavík |
| Hólmfríður R. Árnadóttir R | Lára Ellingsen Akureyri |
| Bergljót Baldursdóttir R | en von er á fleirum .... |
| Lilja Eyþórsdóttir R | og svo Nanda Maack Murangi bára |

1. Fyrsta viðfangsefni fundarins var að ræða kosningabaráttuna, kosti hennar og galla. <u>Kristín Ástgeirsdóttir</u> lýsti <u>reynslu Reykjavíkurkvenna</u>, aðdraganda að framboði þ.e. umræðum milli Kvennaframboðs og Kvennalista um það hver og hvort skyldi bjóða fram. Síðan var haldinn borgarafundur á Hótel Borg þar sem framboð Kvennalista var staðfest. Stefnuskrárvinna var miklu tímafrekari en okkur grunaði og höfðum við rétt lokið henni þegar kosningabaráttan helltist yfir okkur af fullum þunga. Má segja að við höfum í raun aldrei náð að skipuleggja baráttuna sem skyldi en rétt og varla náð að fylgja takti hennar og þeim kröfum sem til okkar voru gerðar. Áróður okkar byggðist fyrst og fremst á því að gefa út blað sem var samanbrotið en þegar upp var lokið varð úr því "plakat" sem

hengja má á vegg. Þetta blað var borið í hvert hús í Reykjavík. Við dreifðum einblöðungum, misslitum með ýmsum upplýsingum, barmmerki voru seld, kaffisopar og fleira, einkum úti á Lækjartorgi og í göngugötunni, en líka víðar. Söngsveit tók lagið nokkrum sinnum og var hún æfð af Margréti Pálmadóttur. Við komum fram í sjónvarpi og útvarpi í kosningaþáttum, einnig í svæðisútvarpi og útvarpi A-listans. Þó er víst að undirbúningur undir þessa þátti var síst sem skyldi, bæði var að ekki var stutt nógu vel við bak þeirra kvenna sem koma áttu fram og einnig vildi bregða við að ræðuskrif voru á síðustu stundu, þannig að konur gátu ekki æft sig. Þetta skipti máli því að margar þær sem komu fram voru lítið vanar. Eitt af því sem tókst vel til var t.d. greinaskrif en nú voru skrifaðar fleiri greinar en í síðustu kosningabaráttu f. borgarstjórn. Kristín ræddi það hve erfitt væri fyrir konur að koma inn í Kvennalistann og tók sem dæmi kosninganóttina á Duus-húsi, þegar treg þjónusta og þröng húsakynni og andvaraleysi kvenna varð til þess að margar konur og aðrir sem komu til að samfagna urðu að hverfa frá, því að biðhald stóð þar til eftir miðnætti og fólk gafst upp á að bíða. — Þeirri hugmynd var komið á framfæri að stöðugt sjálfum verði komið á þar sem nýjar konur geti æft sig í því að koma fram í fjölmiðlum, halda ræður almennt, stjórna fundum o.s.frv. Einnig kom fram sú hugmynd, að starfskonur eða sérstök kona hafi það hlutverk að sinna þeim sem eru nýkomnar inn í Kvennalistann.

Næst tók til máls Borghildur Maack og flutti persónulega frásögn af kosningabaráttunni sem hér fylgir eftir:

INNLEG BORGHILDAR MAACK Á LANDSRÁÐSTEFNU KVENNALISTANS 28. - 29. JÚNÍ.

Ég hef valið að taka fyrir kosningabaráttuna út frá minni upplifun af henni og taka fyrir þá þætti mannlegra samskipta sem mér finnst að við þurfum að vera vakandi fyrir að séu ríkjandi meðal okkar eða ekki ríkjandi má þar til dæmis nefna:
1. félagshyggju - jafnrétti. 2. samstöðu - sundrung. 3. einstaklingshyggju 4. tjáskipti, 5. að taka hóli - að gefa hrós, 6. að taka gagnrýni, 7. valdadreifing, 8. mikilvæg störf - ekki mikilvæg störf.

- Fyrstu tengsl mín við Kvennalistann voru á fundinum sem haldinn var á Borginni í mars í vor.

- Fyrir ykkur sem ekki þekkja mig, þá hef ég verið búsett lengi erlendis, og því ekki haft möguleika á því að starfa með ykkur fyrr en nú.

- En ég fylgdist með ykkur úr fjarlægð og var stolt af dugnaði ykkar og þori.

- Fundurinn á Borginni var að mínu mati vel heppnaður, svo kosningabaráttan byrjaði vel. Hópur kvenna skráði sig til þátttöku, í kosningastarf Kvennalistans.

- Þessar konur og fleirri skiluðu sér allvel á fundi og í störf fyrst á eftir m.a. í stefnuskrárvinnuna.

- En hvað skeði svo, - fundir urðu æ fámennari og virkar konur urðu færri og færri.

- Þannig fór að 12 konur urður eftir og stóðu því undir þunga kosningabaráttunnar, svo segja má að 1 borgarfulltrúi sé lofsverður árangur kosningabaráttu þessarra 12 kvenna.

- Af hverju stöðvast ekki hjá okkur konur sem koma inn?

- Það eru margar konur sem hafa látið þess getið hvað erfitt það hafi verið að byrja í samtökunum, þó svo að þær hafi seiglast í gegn - sumar eftir fleirri tilraunir.

- Við vitum ekki hversu margar konur við höfum misst vegna þess.

- Það á ekki að vera svona erfitt að vera með.

- Það að kona kemur á einn fund segir okkur að hún hefur neistan til Kvennfrelsisbaráttunnar, en okkur virðist skorta hinn glæðandi tón, þannig að við hrífum með okkur.

- Það ætti að vera okkur ljóst að konur skortir sjálfstraust, samfélagið vill hafa konur þannig.

- Er það ekki m.a. þetta sem við berjumst á móti?

- Þess vegna eigum við að taka á móti hverri konu þannig að hún njóti sín meðal okkar og finni sig virta og þarfa.

- Það hefur töluvert verið rætt um, að við þurfum að læra að tala og flytja ræður - það er vissulega rétt.

- En við þurfum líka að kunna að hlusta.

- Við þurfum að sýna nýjum konum - áhuga - sýna þeim að við viljum kynnast þeim og hlusta á það sem þær hafa að segja - þannig að þær finni sig mikilvægar meðal okkar.

- Það hefur veið talað um að ráða þurfi starfsmann til að sinna nýjum konum. Ég álít ekki að það sé lausnin, við þurfum bara að breyta um stíl og hætta að vera sjálf uppteknar.

- Skipulagið í konsnigabaráttunni hefur nokkuð verið gagnrýnt, og jafnframt álitið, að ef skipulagið hefði verið betra hefðu fleirri konur verið virkar.

- Þessu er ég ekki sammála.

- Það er sama hversu gott skipulagið er, ef fólk ekki hefur sjálfsaga og lagar sig að skipulaginu, riðlast skipulagið.

- Kvennalistiakonur skortir sjálfsaga.

- Í því sambandi ætla ég að segja ykkur tvö dæmi úr kosningabaráttunni.

- Ákveðið var að æfa skyldi upp kór Kvennalistakvenna, til að syngja víðsvegar um bæinn í kosningabaráttunni og söngstjóri var fenginn, ákveðinn var fastur tími, á ákveðnum dögum fyrir æfingar.
  Einn fagran dag var mættur dágóður hópur til kóræfingar á "Víkinni" og söngstjórinn mættur.
  Þá taka sig allt í einu út úr nokkrar konur og fara að pískra, pískrið varðaði einhvern fund út í bæ, sem þeim datt allt í einu til hugar að fara á, og svo voru þær horfnar - á fundinn og þar með hættar við að syngja.

- Eftir stóðu örfáar hræður og söngstjórinn.

- Kórinn varð aldrei neitt.

- Hitt dæmið var þannig að búið var að hringja út fleirri konur til að fara út á torg einn daginn í hádeginu, dreifa skyldi stefnuskrá - selja merki og blóm - sýna samstöðu og láta bera á Kvennalistanum.
  Margar konur voru mættar á "Víkina" þar var talað og talað - í smá hópum og pískrað - Guðrún J. og Kristín kosningastjórinn ýttu - kvöttu og pressuðu á torgið, enginn sinnti því, hádegið leið og enginn fór á Torgið.

- Þarna er um að ræða skort á sjálfsaga - sem skapar ómarkviss vinnubrögð, sundrung og glundroða.

- Við þurfum að vinna markvisst að verkefnum og með samstöðu kíla á það.

- Einstaklingshyggja hún er ekki til hjá okkur, hún er bara hjá "fjárflokkunum".

- Kvennalistinn stóð sig allvel í greinaskrifum í blöðin fyrir kosningarnar.

- Það birtist ein grein eftir mig í Dagblaðinu.

- Þá gátu þær Guðrún Jónsdóttir fyrrv. kvennaframboðskona og Hjördís Hjartad. ekki þagað lengur. Þær urðu að vekja tortryggni fólks á framboði okkar.

- Þær skrifuðu í Þjóðviljan.

- Í grein þeirra var ég nafngreind tvisvar, engin önnur kvennalistakona.

- Daginn sem greinin kom í blaðinu, hringdi mamma í mig í vinnuna um hádegi og segir mér frá skrifunum. Ég hringi strax niður á Vík, jú þær höfðu fengið að heyra um greinina kvöldið áður og voru þegar langt komnar með umræður og "tilhlýðilega" svargrein.

- Engin hafði dottið til hugar að hafa samband við mig ekki einu sinni hugkvæmst að láta mig vita af greininni þó svo að ég væri eina manneskjan sem nafngreind var.

- Í áðurnefndri svargrein var hanskinn ekki tekinn upp fyrir mig - ég átti ekki einu sinni að fá leyfi til skrifa undir greinina með þeim, og ekki þótti heppilegt að ég svaraði greininni sjálf á svo viðkvæmum tíma kosningabaráttunnar .

- Greinin hafði bara sært þeirra persónulega stolt.

- Er þetta félagshyggja? Nei þetta er einstaklingshyggja.

- Mörg Konan hefði þakkað fyrir sig, og farið í mínum sporum.

- Hvernig erum við svo á vegi staddar með tjáskiptin?

- Hvernig hrósum við hver annarri?

- Hvernig tökum við hóli?

- Hvernig þolum við gagnrýni?

- Ef við ekki vinnum með þessa þætti, stöðnum við félagslega og Kvennalistinn verður bara í fortíðinni.

- Hvernig eru svo störf innan samtakanna metin?

- Finnst þar mikilvæg störf? og ekki mikilvæg störf?

- Kosningabaráttu er ekki hægt að heyja án þess að halda ræður í sjónvarpi og útvarpi.

- En kosningabaráttu er heldur ekki hægt að heyja án þess að hita kaffi og vaska upp.

- Þess vegna höfum við í framkvæmdanefnd Rvík. anga ákveðið að auka þurfi valddreifingu innan heimilis og þjónustustarfa á Víkinni.

- Að lokum þetta, þegar okkur verða á mistök í ræðustólnum, þá mætum mistökunum samhentar með reisn. Við megum ekki taka okkur sjálfar of hátíðlega. Við erum engin óvanalega vel heppnuð fyrirbæri, sem ekki geta orðið á mistök.

Að svo búnu sagði Svanheiður Ingimundardóttir frá reynslu kvenna á Selfossi af kosningabaráttunni þar. :

Ragnhildur Eggertsdóttir frá Hafnarfirði var ekki mætt til að segja frá málum þaðan, trúlega misskilningur með tíma. Kristín Halldórsdóttir sagði því í stuttu máli frá atburðarásinni þar. Fáar konur stóðu undir kosningabaráttunni, fóru ekki á marga fundi en gáfu út blöð o.fl. þ.h. Þó var erfitt um vik í þeim efnum því að 8 framboð voru á döfinni og því mikið pappírsflóð. Mat Hafnarfjarðarkvenna er að fundur í Hansen-húsi hafi gengið vel, sömuleiðis sjónvarpsþáttur sem þær komu fram í. Þær telja sig hafa lagt of litla áherslu á það að kynna þær konur sem voru í efstu sætunum, miðað við það hvað þær kynntu málstaðinn vel. Einhverjar rákust á það, að ýmsir vissu ekki rétt fyrir kosningar hver var í efsta sæti á Kol. Nokkur vonbrigði, að ekki náðist inn kona en þó eru þær galvaskar áfram. Kom fram síðar að bíllinn hennar Ragnhildar bilaði. BB

Reyndar var kaffihlé áður en Kristín tók til máls og á meðan komu 4 konur:

Guðrún Sigríður Þórarinsdóttir Selfossi og Ingi Björn Guðnason 7 ára
Sigrún Ásgeirsdóttir S og Adolf Ingvi Bragason 8 ára á morgun
Elín G. Ólafsdóttir Rvk
María Jóhanna Lárusdóttir R

Síðan hófust umræður um þessar upplýsingar og stefnu sem kosningabaráttan tók.
Fram kom að Kolkonur höfðu alls staðar mjög málefnalega baráttu og t.d. á Selfossi lögðu þær áherslu á að segja engum að kjósa sig en létu fólki eftir að velja þegar það hafði fengið upplýsingar um málstað. Þetta mæltist vel fyrir einkum hjá unglingum.
Við verðum að vinna á meira hnitmiðaðan og markvissan hátt en eyða ekki tíma okkar í áróður til örfárra einstaklinga. á meðan við vöndum okkur ekki nóg við

undirbúning mikilvægar áróðurstilefna eins og sjónvarps- og útvarpsþátta.

Þurfum að sýna meiri samstöðu og dæmi tekið af fundi Kvenréttindafélagsins á Hótel Borg þar sem allar konur voru einar úti í horni og nutu ekki stuðnings þeirra Kvl kvenna sem sátu úti í sal. Skipulagsmistök.

Ólöf Ólafs talaði um að skipuleggja samstöðuna bæði meðal kvenna á listanum og einnig í formi beinnar aðstoðar frá starfskonum.

Hremmingar þeirra kvenna sem lenda í vinnuskorpu hjá Kvl f. kosningar. Þær þurfa að bæta skyldum við Kvl. ofan á allar aðrar skyldur sem þær hafa á öðrum vettvangi. Og þea þær fá ekki einu sinni að sýna sig eða rétta litla fingur því þá verða þær gripnar og komast ekki heim nema um blánóttina.

Nauðsyn þess að skipuleggja okkur í starfi þannig að sem flestar konur nýtist þegar þær geta gefið tíma, einkum er þetta mikilvægt þegar um er að ræða nýjar konur sem oft finnst þær vera í tímarúmi og jafnvel fælast burtu af því þær sjá ekkert hlutverk fyrir sig og enginn sinnir þeim.

Rætt um það hverjar bera í raun ábyrgðina þegar samþykkt er að bjóða fram. Skuldbinda konur sem samþykkja framboð sig til að gefa ómælda vinnu f. kosningar eða eru það listakonur eða hverjar eru ábyrgar til að leggja fram nauðsynlega vinnu.

Mikil nauðsyn að gleyma ekki jákvæðu hliðunum á þessari blómlegu mannréttindabaráttu sem Kvl og Kvframboð hafa staðið í á örstuttum tíma, aðeins 4 árum og á þeim tíma 3 kosningabaráttum. Er að furða þótt þær séu sumar stundum lúnar með öllu því álagi sem vinna utan heimilis, heimilisstörf og annað starf fyrir kvennahreyf. hefur í för með sér.

(2.) Næsta viðfangsefni var umræða um undirbúning fyrir komandi kosningar. Kicki Bohammar reifaði ýmsa punkta í því sambandi:

Umræður urðu um framsögu Kicluar og m.a. minnst á það hve lélegar við erum í viðskiptum okkar við fjölmiðla og þurfum mikið að bæta okkur.
Rætt um hugmyndina sem oft hefur áður borið á góma þ.e. að stofna kvennaútvarp.
Ýmsar aðrar leiðir færar t.d. að nýta betur ríkisútvarp.
Ef við förum í slagtog með öðrum við útvarpsrekstur yrðum við að vanda vel til vina. Annar möguleiki er svo rás 3 í RÚV sem var einmitt tillaga frá okkur í útvarpslaga-frumvarpinu og hægt væri að bera fram sem sértillögu á þingi.
Síðan er megin mál hvaða ímynd við ætlum að gefa af okkur.
Rætt um það hvernig angar eru í raun stofnaðir. Gerist það nema undir ákveðnum þrýstingi frá Rvík. Sbr. stofnun Selfossanga?
Erum enn á fyrsta stiginu og ekki komnar yfir á annað stigið miðað við þá reynslu sem við höfum frá undanförnum árum. Vantar heimavinnu, sjálfsaga, metnað.
Við þurfum að vita meira t.d. um allar þær tillögur sem fluttar hafa verið inni í borgarstjórn af 2 konum þar. Vantaði upplýsingamiðlun á milli fulltrúa og hreyfingar.
Lengi verið að finna leið til sátta milli Kv. framboðs og Kvl það dró úr krafti kosningabaráttunnar.
Umræður um ímynd: getum við valið okkur ímynd svona marghöfða eins og við erum. Sumar á sumar á sumar á dragtum, aðrar í aðrar í aðrar í mussum. o.s.frv.
Tillögur komu fram um að nauðsynlegt sé að sinna nýjum konum á markvissan hátt t.d. m.þ.a. ein ákveðin kona taki að sér að annast tengsl við nýjar konur, taka þær með á fundi, muna að hringja í þær og láta vita af því sem er á seyði þar til þær eru ~~að~~ farnar

að fóta sig. Sömuleiðis var rætt um það, að nauðsyn væri að koma kvennabaráttu á framfæri eftir ýmsum leiðum, t.d. að nýta fjölmiðla betur til þess að koma ýmsum þáttum á laggirnar, sbr. Ella-þáttinn sem naut mikillar hlustunar og var beitt kvennabaráttu"vopn" Við eigum margar fag-manneskjur á þessu sviði og getum nýtt okkur þennan farveg miklu betur en, við gerðum til mikils árangurs. Húmor er beitt og áhrifamesta vopnið.
Dæmi af Selfossi tekið um blaðaútgáfu sem ber sig, Bæjarblaðið. Það er gefið út og fjármagnað algjörlega með auglýsingum.
Andinn í hreyfingunni hefur batnað mikið og við erum frekmeiri að takast á við vandamálin.
Mikilvægt að byrja undirbúning að næstu kosningabaráttu m.þ.a. safna saman reynslu og málflutningi af þingi þannig að sé aðgengilegt þeim konum sem þurfa að beita sér í kynningu. Þarna eru áherslunatriði í mikilvæg.

(2.a) Stefnuskrárvinna var reifuð af Sigríði Dúnu.

Nauðsyn að samræma stefnuskrárvinnu allra anga og vinna hafin í sumar, hægt að vinna úr punktum í haust. Láta gömlu stefnuskrána standa sem hornstein en byggja síðan ofan á hana, sem grundvöll. Leggur til að sérstök stefnuskrá í þjóðmálum verði gerð f. árið 1987! vonandi ekki 1986. Góð fyrirmynd í stefnuskrá f. síðustu borgarstjórnarkosningar. Skýr, með raunhæfum dæmum. Rétt væri að kjósa sem fyrst 3 konur sem færu af stað með undirbúningsvinnu, t.d. 2 úr Rvík og 1 úr Rnesi. Angar sem ekki eiga fulltrúa tilnefni tengil sem fylgist með og

þannig megi samhæfa strax frá byrjun. Þó eru fjarlægðir hindrun sem gæti truflað.
Ennfremur verði málefnavinna unnin af hópum eins og fyrir borgarstjórnarstefnuskrána. og geta þeir miðlað á öllum stigum til tengla þannig að allir aðgar fylgist með.
Tillaga var flutt utan dagskrár um að aðgar "utan af landi" ættu rétt á einu fargjaldi hver.

Fundi lokið að sinni eftir fjörar, jákvæðar og uppörvandi umræður.

Guðrún Agnarsdóttir

29.6.'86.
Fundi framhaldið.
Fundarstjóri: Guðrún Halldórsd.
Fundarritari: Ingibj. Daníels.

Fundarkonur kynntu sig

6. Alþingislistar – Kristín Einarsdóttir
Hvernig er heppilegast að standa að vali á lista?
Í máli Kristínar kom fram
Mikill munur er á hvernig a að setja saman lista. Í Rv. var hverri konu sent bréf þar sem hún var beðin að tilnefna nöfn á konum sem hún vildi hafa á lista, síðan var öllum nöfnunum raðað í stafrófsröð, þessi listi sendur út og konur beðnar að númera frá 1-10. Þær konur sem fengu tilnefningu voru spurðar hvort þær vildu eða ekki / skoðanakönnunin